



Fundargerð stjórnarfundar 3. maí 2011, Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn á skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga Árnagötu 2-4, Ísafirði, kl 13.30

Mætt voru Albertína F Elíasdóttir, formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir, Jón Jónsson, Ómar Már Jónsson og Sigurður Pétursson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri, sem einnig ritaði fundargerð og Dána Jóhannsdóttir, verkefnastjóri. Til fundarins var boðað með dagskrá sem send var út með tölvupósti þann 2. maí s.l.

Formaður setti fundinn og bauð Díönu Jóhannsdóttur velkomna til starfa hjá Fjórðungssambandinu sem verkefnisstjóra í tímabundnu verkefnum.

Gengið til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, 4. apríl 2011,

Fundargerð send út í tölvupósti þann 7. apríl s.l., engar athugasemdir komu fram. Fundargerð borin upp og samþykkt.

2. Fyrsti fundur samráðsvettvangs, ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífs á grundvelli tillagna fundar ríkisstjórnar á Ísafirði, 5. apríl 2011.

Fyrsti fundur í samráðsvettvangi sveitarfélaga á Vestfjörðum, ráðuneyta og stofnana varðandi þær 16 verkefntillögur sem ríkisstjórn samþykkti á fundi sínum á Ísafirði þann 5. apríl s.l., var haldinn í dag 3. maí. Fundarboðandi var forsætisráðuneytið.

Farið yfir verkefni fundarins þar sem tekin var til umræðu aðdragandi, fjárhagsrammi, núverandi staða og væntanleg framkvæmd þessara verkefna. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga gerir af því tilefni eftirfarandi samþykkt:

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga áréttar að undirbúningur verkefna sem samþykkt voru á fundi ríkisstjórnar þann 5. apríl s.l. á Ísafirði, fór fram án formlegs samráðs við forsvarsmenn sveitarfélaga eða stofnana þeirra. Verkefnin í heild munu hafa jákvæð áhrif fyrir samfélög og atvinnulíf á Vestfjörðum, en gera verður alvarlegar athugasemdir varðandi misskiptingu þeirra gagnvart einstökum svæðum innan Vestfjarða. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skorar því á ríkisstjórn Íslands að auka við fjárveitingu til verkefnatillögu nr 2 (Tryggt verði áframhaldandi gott framboð á námi á framhaldsskólastigi á Vestfjörðum). Gerð er sú krafa að sett verði aukið fjármagn til þessa verkefnis eða sem nemur 10 milljónir króna. Verði þeim fjármunum ráðstafað til sveitarfélagsins Strandabyggðar til að hefja undirbúning að stofnun framhaldsdeildar á Hólmavík, sem nýtast muni Strandabyggð sem og nágretta sveitarfélögum í Strandasýslu, í Reykhólahreppi og hugsanlega víðar.



3. Umsögn frumvarp til laga um breytingar á lögum um Byggðastofnun.

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað umsagnar um frumvarp iðnaðarráðherra um breytingu á lögum um Byggðastofnun, þingmál 721, 139 löggjafarþing.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga getur ekki fallist á þær breytingar sem boðaðar eru með frumvarpinu, þar sem ekki er ljóst í hvaða samhengi þær eru settar fram varðandi heildarendurskoðun á stöðkerfi stjórnvald í atvinnu og byggðamálum.

4. Ályktanir stjórnar.

Formaður hafi framsögu um aðrar ályktanir stjórnar. Með vísan til 2. liðar fundar stjórnar má horfa til framþróunar atvinnulífs og byggðar á Vestfjörðum til lengri tíma en á sama tíma verður að bregðast við bráðum vanda í samfélags- og atvinnumálum.

a. Vestfjarðarvegur 60, viðhald vegar.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skorar á innanríkisráðherra að bregðast nú þegar við vegna ástands Vestfjarðavegar 60 og setja aukið fjármagn í viðhald vegarins þar sem malarkaflar hans hafa verið nánast óökufærir síðustu vikur. Á meðan það óvissuástand sem nú er uppi varðandi uppbyggingu vegarins, er mikilvægt að veginum sé þó viðhaldið og honum haldið öküfærum. Hér er um að ræða gríðarlega mikilvæga samgönguleið fyrir samfélag og atvinnulíf á Vestfjörðum. Auk þess sem reiknað er með mikilli aukningu ferðamanna til Vestfjarða á komandi sumri.

Tillagan samþykkt einróma.

b. Staða mjólkurframleiðslu á Vestfjörðum

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga lýsir yfir þungum áhyggjum vegna þess samdráttar sem orðið hefur í starfsemi Mjólkursamsölunnar ehf á Vestfjörðum. Aðgerðir þær sem nú blasa við eru að á Patreksfirði hefur starf mjólkurbílstjóra verið lagt niður, einnig eiga sér stað víðtækar skipulagsbreytingar í mjólkurbúinu á Ísafirði sem m.a. felast í því að staða mjólkurfræðings hefur verið sameinuð öðrum mjólkurbúum en með staðsetningu í Reykjavík.

Afleiðingar þessara aðgerða eru ógn við öryggi mjólkurframleiðenda í Vesturbyggð enda færð víða slæm yfir vetrartímann eins og sannaðist í vetur. Þá er mikil hættu á að við þessar breytingar skerðist afhendingaröryggi mjólkurafurða verulega, þar sem öll mjólk til sunnanverðra Vestfjarða er flutt með bílum. Hinsvegar er hægt og hægt verið að leggja af sérhæfðan og til þess að gera stóran vinnustað á Ísafirði. Skorar stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga á stjórnendum Mjólkursamsölunnar ehf að endurskoða þessi áform og leita eftir samvinnu við aðila í atvinnuþróun á Vestfjörðum til að leita nýrra leiða fyrir starfsemi félagsins á Vestfjörðum.

Fjórðungssamband Vestfirðinga



Tillagan samþykkt einróma.

5. Skipan fulltrúa í stjórnir.

a. Háskólaþing Vestfirðinga

Kynnt bréf Háskólaþings Vestfirðinga um boðun ársfundar fulltrúaráðs þann 12. maí n.k.. Endurnýja þarf árlega umboð fulltrúa Fjórðungssambandsins í fulltrúaráði. Samþykkt tillaga um skipan Friðbjörgu Matthíasdóttur, sem aðalfulltrúa og Ómars Más Jónssonar sem varafulltrúa.

b. Atvinnuþróunarfélag Vestfirðinga

Rætt um skipan fulltrúa Fjórðungssambands Vestfirðinga í stjórn Atvinnuþróunarfélags Vestfirðinga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15.06